

Fundur stjórnar 11. október

Mætt: Helga, Elfa, Rakel, Jón og Sigríður.

ERINDI – skólabragur: Skólabragur er stór hluti af daglegu lífi barnanna og er sú menning sem þau eru í daglega í skólanum. Kennarar og starfsfólk skólans spila stórt hlutverk í að skapa góðan skólabrag ásamt nemendum, en það gera foreldrar líka. Skólabragur verður viðfangsefni þemadaga í nóvember og var þessi fundur hluti af þeirri vinnu. Hlutverk foreldrar er hins vegar oft vanmetið og foreldrar gera sér ekki alltaf grein fyrir þeirra þætti. 2. október var foreldrum boðið á fræðslufund með Hermann Jónssyni uppeldisfræðingi. Farið var yfir hvað skólabragur er og hvers vegna mikilvægt er að leggja meiri áherslu á þennan þátt skólastarfsins. Einnig var fjallað um hlutverk og ábyrgð foreldra í þessu sambandi. Fundurinn var vel sóttur og mættu um 120 -130 foreldrar. Góðar umræður sköpuðust og voru foreldrar ánægðir með innlegg Hermans.

Bekkjarfulltrúafundur: Undirbúningur fyrir bekkjarfulltrúafundinn ásamt umsjónarkennurum sem haldinn verður 25. október er í fullum gangi. Undirbúningsfundur með verkefnastjóra Heimilis og skóla og stjórnendum fór fram í lok september þar sem línurnar voru lagðar. Fundurinn verður tvískiptur, yngri deild kl: 16:30-18:30 og eldri deild kl: 19:30-21:30 og verður boðið upp á súpu á fyrri fundinum og léttar veitingar á þeim seinni. Reiknað er með um 100 manns á fyrri fundinn og 50 manns á seinni fundinn. Verkum var skipt á milli stjórnar.

Mosfellingur: Ákveðið er að skrifa um tæknimál: færni til framtíðar og uppbyggingu á sérkennslu í eldri deild þar sem deildarstjóri sérkennslu, Áslaug Harðardóttir hefur unnið grettistak með sínu teymi. <http://mosfellingur.is/atomstodin-gerpla-og-heimsljos/>

Félagsgjöld: Óskað verður eftir að ítrekun verði send fyrir rukkun félagsgjalda.

Upplýsingafundur: Eftir að fresta varð fundi sem stjórn hafi boðið fræðslunefnd á 20. sept verður fundin ný dagsetning eftir fund bæjarins 6. nóv með Menntamálaráðuneytinu um mótun menntastefnu til 2030.

Jólabingó: Stefnt er að því halda jólabingó síðustu helgina í nóvember eða fyrstu helgina í desember. Huga þarf að undirbúningi.

Formaður: Formaður félagsins sagði sig úr stjórn og tekur varaformaður við. Þykir stjórn það miður en virðir ákvörðun hennar og þakkar formanni kærlega fyrir sín störf.

SAMMOS: er vettvangur allra foreldrafélaga í Mosfellsbæ til að skiptast á upplýsingum og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum er varða alla skólana. Áhugi er fyrir því í Sammos að eiga samtali við forsvarsmenn fræðslumála og skapa vettvang þar sem Sammos gæti komið tillögum varðandi nýja menntastefnu bæjarins á framfæri og rætt sameiginleg málefni er varðar skóla bæjarins. Sagt var frá fyrsta fundi sem fram fór 8. október. Óskað hafi verið eftir fundi með Lindu framkvæmdastjóra fræðslu – og frístundasviðs og Kolbrúnu formanni fræðslunefndar til að leggja línurnar og kom beiðni frá Kolbrúnu um að Haraldur bæjarstjóri sæti einnig fundinn. Ákveðið var að hittast 2-4 sinnum yfir veturinn og óskuðu bæjaryfirvöld eftir því að fulltrúi skólastjórnenda og skólafulltrúi sætu framvegis fundi. Sammos hafði tekið saman eftirfarandi umræðupunkta fyrir fundinn:

- 1) **Ný skólastefna Mosfellsbæjar**, aðkoma SAMMOS og foreldra almennt. Niðurstaða: Unnið verður að nýrri skólastefnu á kjörtímabilinu. Ekki er búið að skipa nefnd um mótun skólastefnunnar en foreldrar munu eiga þátt í mótun hennar.
- 2) **Mat á skólastarfi:** líðan og námsárangur og tengslin þarna á milli. Hvernig eru rannsóknarniðurstöður nýttar til þróunar og úrbóta í skólunum og hvernig eru þær kynntar fyrir foreldrum? Hvernig er innra og ytra mati skólanna háttað? Niðurstaða: Ekki eru allir skólar að nýta sér Skólapúlsinn og var rætt um mikilvægi þess að samræma innra og ytra mat skólanna og nota gagnreyndar aðferðir, s.s. Skólavog og Skólapúls við mat á skólastarfi.
- 3) **Heilsueflandi skólar** og tenging við Heilsueflandi samfélag. Niðurstaða: þarf að efla og aðstoða skólana.
- 4) **Menntastefna ráðuneytisins til 2030** - hverjar verða áherslur fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar í þeirri vinnu og á fundinum 6. nóv.? Spurt var um aðkomu foreldra. Niðurstaða: ákveðið að bjóða fulltrúa frá öllum skólum á fundinn.